

Sp. 781. Tillaga til þingsályktunar [461. mál]

um lagningu bundins slitlags á þjóðveginn milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram útbod á lagningu bundins slitlags á þjóðveginn milli Reykjavíkur og Akureyrar. Auk verkkostnaðar verði beðið um tilboð í greiðslukjör og leiðir til fjármögnunar sem ekki raski áætluðum fjárveitingum í þetta verk á næstu árum.

Greinargerð.

Íslenskt verktakafyrirtæki hefur nú boðið stjórnvöldum samninga um lagningu bundins slitlags á þjóðveginn milli Reykjavíkur og Akureyrar. Þetta er gott tilboð sem vert er að athuga nákvæmlega. Af því tilefni er nauðsynlegt að stjórnvöld bregðist skjótt við og láti á það reyna hvort íslensk verktakafyrirtæki geti gert tilboð í verk það, er hér um ræðir, með svipuðum hætti og þegar hefur komið fram. Óafsakanlegt er að kanna ekki mál þetta strax ef nokkur von er til að hraða megi þessu verki og ljúka því án aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð á verktímanum.